

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

34. árgangur

2012



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2012
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Sumarnámskeið Vífils í 24. sinn

Fermingargjöf Arion banka



Þegar stórum áfanga er náð er mikilvægt að huga að framtíðinni. Við gefum fermingarbarninu 5.000 kr. eða bol frá Dogma ef 30.000 kr. eða meira eru lagðar inn á Framtíðarreikning þess í Arion banka. Hið sama á við ef Framtíðarreikningur er stofnaður í nafni fermingarbarnsins.

Láttu gjöfina taka vaxtarkipp hjá okkur.



Þrítugasti og fjórði árgangur

Það er mikill heiður að færa ykkur eitt elsta blað bæjarins. Fermingarblað Vífils hefur nú komið út á hverju ári síðan 1979. Eins og fyrri blöð inniheldur það kynningu á starfi Vífils ásamt lista yfir fermingarborn sem fermast í Garða- og Vídalínskirkju.

Skátar á heimsvísu

Sumarið var heldur betur annríkt hjá skátunum í Vífli. Alheimsmót skáta í Svíþjóð stóð upp úr en þangað fóru um 300 Íslenskir skátar, þar af níu úr Vífli. Ítarlegri grein um mótið er að finna hér aftar í blaðinu. Breskur skátahópur kom við í Garðabæ á leið heim frá mótinu, gisti í Jötunheimum og naut gestrisni Vífils. Þýskur skátahópur kom einnig til landsins í heimsókn og tók Skátafélagið Svanir á Álftanesi á móti þeim með aðstoð nokkurra skáta úr Vífli.

Sumarnámskeið Vífils

Á komandi sumri verða í boði sumarnámskeið Vífils eins og undanfarin tuttugu og þrjú sumur. Í boði eru Grallaranámskeið, Smíðavöllurinn góði og Útilífs- og ævintýranámskeiðin. Vonast er til að börn og ungmenni í Garðabæ sækja námskeiðin af sama áhuga og áður og nýir þátttakendur eru ávallt velkomnir!

Hátíðarhöld

Vífill hefur árum saman staðið fyrir hátíðarhöldum í Garðabæ og að sjálfsögðu verða Sumardagurinn fyrsti og 17. júní haldnir hátíðlegir í umsjón Vífils í ár. Félagið var stofnað árið 1967 á sumardaginn fyrsta og á 45 ára afmæli í ár. Því verður fagnað með pompi og pragt á hátíðarsvæðinu.

Gilwell

Hvorki fleiri né færri en sex félagar úr Vífli luku Gilwell foringjapjálfun í mars, en sú þjálfun hefur staðið yfir í rúmt ár. Þjálfunin er síðasti liður foringjapjálfunar á vegum BÍS og hefur það verið stefna hjá Vífli að sem flestir sveitarforingjar ljúki þeirri þjálfun.

Landsmót skáta á Úlfjótuvatni

Í sumar verður Landsmót skáta haldið á Úlfjótuvatni. Mótið var síðast við Hamra á Akureyri 2008 og er það haldið á þriggja ára fresti. Örlítill hliðrun varð þó að eiga sér stað svo Alheimsmót skáta og Landsmót á Íslandi hefðu ekki skarast sumarið 2011. Landsmót skáta er einstök upplifun. Meðal þess sem er á dagskrá er þrautabraut, vatnasafarí og vísindapörp svo Landsmót skáta er eitthvað sem allir ættu að prófa. Fjölskyldubúðir verða í boði fyrir foreldra

og aðra sem vilja taka þátt og býður Vífill öllum Garðbæingum í grillálagardeginum.

*Með skátakveðju,
Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson, ritstjórar*



Útgefandi:

Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Ritstjórn:

Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson
Björn Hilmarrson

Greinarhöfundar:

Eyrún Ósk Stefánsdóttir
Daníel Grétarsson
Hjálmar Örn Hinz
Guðmundur Finnbogason
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir
Alexandra Ýr van Erven
Ólafur Patrick Ólafsson
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Myndir

Myndir úr myndasafni Vífils og ritstjórnar.

Setning og umbrot

Sverrir Salberg Magnússon



Vonumst til að sjá sem flesta!

Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, enda sterk hefð um hátíðahöldin í Garðabæ. Þau hafa ávallt verið í umsjá Vífils. Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 45 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13.00 og skátaguðspjónustu í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins. Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðganga hefst eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða um klukkan 14.00. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar. Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og Blásarasveitin um göngutakt og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá og ættu allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar, t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælistökur

Í samkomusal Hofsstaðaskóla verður hið víðfræga skátatertuhlaðborð. Þar koma fjölskyldur úr bænum saman og fagna

sumarkomunni og styrkja um leið skátastarfið og fara allir saddir og ánægðir þaðana heim að því loknu.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonumst til þess að sjá sem flesta! Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðahöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



VÍÐIR

GÓÐ BÚÐ, GOTT VERÐ

SKEIFUNNI 11 OG GARÐATORGI 1, GARÐABÆ · OPIÐ 10-23 ALLA DAGA



Vertu ískaldur
og gefðu
Gjafakort sem
gleður



Kringlunni, Smáralind & Garðabæ



Rs. Islandus

Reglulegir fundir voru haldnir í Rekkasveitinni á vorönn og ýmislegt skemmtilegt gert, s.s. útilegur, heimsóknir til Skátafélagsins Landnema (sem heimsóttu okkur líka), ferð í Klifurhúsið, Pálinuboð o.fl. Í marz var skipulögð og haldin Félagsútilega á Úlfjótssvatni. Einnig unnu rekkaskátarnir að *Forsetamerkinu* með ýmsum verkefnum, s.s. hnútatöflu.

Glæsileg árhátíð sveitarinnar markaði lok vorannar og upphaf sumarstarfsins., en árhátíðin var haldin í Vífilsbúð þar sem þemað var Chicago árið 1927. Á árhátíðinni voru eldri Rekkaskátarnir vígðir upp í Róverskáta. Um sumarið var ýmislegt gert, bæði sem sveit en einnig á einstaklingsgrundvelli. Sex Vífilar hófu Gilwell þjálfun í júní, þar af einn sveitarforingi Rekkaskátasveitarinnar og tveir meðlimir hennar.

Nokkrir meðlimir sveitarinnar fóru á Landnemamótið í Viðey og þrír unnu í sumarbúðum á Úlfjótssvatni. Margir í sveitinni störfuðu við sumarnámskeið Vífils og hafa þegar öðlazzt mikla reynslu. Nokkrir

meðlimir tóku þátt í Afmælistóti Bandalags íslenskra skáta á Úlfjótssvatni, þótt mæting þar hafi almennt verið helzt til dræm.

Haustönn hófst með því að þrír nýir félagar voru teknir inn í sveitina. Upp kom hugmynd um að skipta sveitinni í tvennt: Rekkaskáta annars vegar og Róverskáta hins vegar, en á endanum var fallið frá því og ákveðið að starfa áfram sem ein sveit, Rekka- og Róverskátasveitin Islandus. Farið var í vígsluútilegu í skálann Flugu í Borgarfirði, tekið var þátt í *Flokkafjöri* og farið í útilegu í Vífilsbúð, þar sem fram fór sk. Harry Potter marabon. Sameiginlegur ratleikur var haldinn með skátafélaginu Svönum í nóvember. Flestir í sveitinni hafa tekið þátt í námskeiði um innleiðingu nýrrar skátadagskrár. Einnig héldu meðlimir sveitarinnar áfram vinnu sinni að *Forsetamerkinu*. Flestir skátarnir í sveitinni eru jafnframt starfandi sveitarforingjar eða aðstoðarsveitarforingjar í yngri sveitum Vífils þar sem mikil og löng reynsla þeirra af skátastarfi kemur bæði félaginu og



skátahreyfingunni á Íslandi að miklu gagni. En tveir meðlimir sveitarinnar skipulögðu og sáu um árlega dróttskátaútilegu BÍS "Á Norðurslóðum" milli jóla og nýárs, en hún tókst í alla staði mjög vel. Gilwell ungar sveitarinnar unnu hörðum höndum að verkefnum sínum á önninni.

Á vorönn hefur hingað til borið hæst köfunarnámskeið ásamt Svönum í febrúar og Gilwell-ungar luku þjálfuninni í byrjun marz.

Ólafur Patrick Ólafsson



Það hefur margt á daga okkar drifið í drekaskátasveitinni Furðufuglum síðasta ár. Í sveitinni starfa yfir tuttugu skátar á aldrinum 7-9 ára. Hópurinn er eins fjölbreyttur og hann er skemmtilegur og því vantar glensíð ekki á fundina.

Í byrjun starfsárs voru drekaskátasveitirnar tvær, eins og fyrra ár. Sökum þess hve margir eldri skátar fóru upp í Forynjusveitina þurftum við hinsvegar að sameina sveitirnar á ný þegar ekki var langt liðið á starfsárið. Áður en það var gert fórum við hinsvegar í sameiginlega dagsferð í Heiðmörk og buðum foreldrum og systkinum að koma með. Þar fórum við á kanó, grilluðum pylsur, kíktum í hella og að lokum voru nýir skátar vígðir í helli, að skátasið, inn í sveitina.

Við fundum einu sinni í viku, á þriðjudögum, og erum í einn og hálfan tíma í senn. Efni fundanna er mismunandi en meðal fundarefnis hefur verið t.d. flugdrekagerð, klifur, eldfjallagerð, útiöldun og svo fengum við líka að kíkja í heimsókn í húsnæði Hjálparseitar skáta í Garðabæ. Við höfum einnig lært hnúta og fengið að byggja heilu líkónin úr engu nema bandi og bambus.

Í haust tókum við þátt í tveimur Flokkafjörum sem félagið stóð að. Dagskráin þar var margbreytileg og skemmtileg. Það var m.a. sungið á kvöldvökum og haldið í ærksamikla kvöldleiki. Dagskráin á seinni deginum var svo skipulögð af hverri og einni sveit. Einnig kíktum við í dagsferð í skautahöllina rétt fyrir jól. Þar renndu margir sér hring eftir hring og vorum við svo heppin að fá

heimsókn frá tveimur galvöskum jóla-sveinum.

Nú í byrjun júní stefnum við á að fjölmenna á Drekaskátamót, sem er hápunktur starfsársins hjá okkur. Þá gerum við okkur ferð austur á Úlfjótuvatn og tökum þátt í skemmtilegri dagskrá með drekaskátum úr öðrum félögum og gistum að sjálfsgöðu í tjöldum.

Skátastarfið er eitthvað sem hentað gæti öllum og er hvergi betra að byrja en í drekaskátunum þar sem þeir eru yngstu skátarnir. Ekki missa af ævintýrunum!



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarfélagsforingi

Sigrún Jónatansdóttir

Ritari

Guðfinna Harðardóttir

Gjaldkeri

Guðbjörg Þórðardóttir

Meðstjórnendur

Hjálmar Örn Arnarson

Hjálmar Örn Hinz

Jóhann S. Erlendsson

Starfsmaður

Gísli Örn Bragason

Prófaðu að mæta á einn fund, þú sérð ekki eftir því!



Glæsilegur salur í hjarta bæjarins

Salurinn á efri hæð Jötunheima er leigður út fyrir t.d. fermingar- og skírnarveislur, vinnu- og fræðslufundi. Þar eru sæti fyrir allt að 100 manns og er salurinn vel tækjum búinn, skjávarpi, sýningartjald og hljóðkerfi. Eldhúsið er einnig ágætlega búið til þess að reiða fram veitingar, allur borðbúnaður og stór og góð uppþvottavél. Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefsíðu félagsins www.vifill.is á skrifstofunni eða með því að senda póst á salur@vifill.is

Það er búið að vera nóg að gera hjá fálkaskátasveitinni Fornmönnum síðan í haust. Sveitin minkaði töluvert milli starfsára þar sem margir fóru upp í dróttskátana en fáir komu úr drekunum. Hópurinn hefur hins vegar náð vel saman og staðið í ströngu þessa mánuði.

Meðal verkefna hjá fálkunum hafa verið sveitarútilegur í Vífilsbúð en farnar hafa verið tvær slíkar. Sú fyrri var farin fyrir áramótin en þá var meðal annars farið í hellaferð í Fálkahelli auk þess sem strákarnir elduðu kvöldverð í sérstökum útipottum sem félagið á. Það var mál manna að þeir hefði aldrei smakkað jafn góðan kjúkling í nokkurri útilegu (og sumir jafnvel ekki heima heldur).

Í byrjun febrúar var svo haldið í aðra útilegu í Vífilsbúð. Að þessu sinni fóru strákarnir fyrst í spennandi flokkakeppni sem haldin var í Hljómskálagarðinum. Keppnin var haldin af Gilwell ungum (það eru skátar sem eru að ljúka foringjapjálfun sinni). Hún gekk út á að fara í víking og leysa fjölbreyttar þrautir. Strákarnir stóðu sig mjög vel og greinilegt að sú samvinna og flokksbragur sem unnið hefur verið í undanfarna mánuði er að skila sér vel. Eftir keppnina var svo farið í sund í Kópavogslauginu. Einn af sveitarmeðlimunum er í hjólastól en þá er gott að hafa góða féлага með sér. Sundferðir og svaðilfarir verða nefnilega lítið mál þegar maður hefur góðan flokk til að treysta á. Að lokinni sundferð var haldið í Vífilsbúð þar sem grillið var hitað og spilin dregin fram.

Í sumar er stefnan tekin á Landsmót



skáta. Mótið verður að þessu sinni á Úlfjótuvatni en sveitin vinnur nú að undirbúningi þess. Sveitarmeðlimir stefna á að taka þátt í keppni um skátaflokk Íslands sem haldin er á mótinu. Til þess þarf að vinna ýmis konar undirbúningsverkefni. Meðal þess sem sveitarmenn eru að æfa sig í er útiöldun, dulmál, skyndihjálp og margt fleira. Strákarnir eru spenntir að fá að taka þátt í vikulöngu móti þar sem gist er í tjöldum allan tímann, matur eldaður yfir

opnum eldi og tekist á við fjölbreytt verkefni allan daginn.

Ef þú hefur áhuga á skemmtilegum ævintýrum með hressum strákum þá er skátasveitin Fornmenn að leita að ævintýragjörnum drengjum á aldrinum 10-12 ára til að bætask í hópinn. Komdu á fund og prófaðu!

Guðmundur Finnbogason

PIZZAN

Forynjustarfið er búið að vera með eindæmum öflugt og blómlegt í ár. Stelpur á aldrinum 10-12 ára flykkjast niður í skátaheimilið í hverri viku og halda á vit ævintýrana. Stelpurnar hafa tekist á við margar áskoranir í vetur og leyst margar þrautir. Við fórum hjólandi í útilegu í Vífilsbúð í haust og vorum yfir helgi. Stelpurnar gengu í gegnum alvöru skátavígslu og þurftu að súpa á hinum margumtalaða vígsludrykk. Við skemmtum okkur konunglega og gerðum margt skemmtilegt m.a. fórum við á kanó og í flaggleik í niðamyrkri seint um kvöld. Við gæddum okkur svo á heitu súkkulaði og tókum nokkur lög á kvöldvöku fyrir háttinn. Forynjurnar tóku þátt í báðum Flokkafjörnum á haustönn og leystu mörg ævintýraley verkefni þar.

Fundarstarfið hefur verið mjög fjölbreytt en sveitinni er skipt niður í þrjá flokka og byggist starfið mikið á þeirri skiptingu.



Stelpurnar hafa sjálfar fengið að skipuleggja fundi og valið úr ákveðnum

verkefnum sem foringjarnir hafa sett saman. Meðal þeirra verkefna sem þær hafa tekið sér fyrir hendur eru að búa til gipsgrímur mótaðar eftir andlitum þeirra, lært sitt hvað í útiildun og svo eru þær orðnar ansi sjóaðar í skyndihjálp. Við höfum farið í klifur og göngur, bæjarferð og lært fjöldann allan af leikjum sem bæði proska og efla krakkana.



Framundan er útilega í Lækjarbotnum þar sem þemað verður forynjur, sem eru kvendraugar. Þar ætlum við m.a. að fara í afturgöngu, halda kvöldvöku, gera vinabönd og fara í skemmtilegan frisbee leik. Í sumar liggur leið okkar á Landnemamót í Viðey í júní og í júlí fórum við að sjálfsögðu á Landsmót skáta á Úlfjótavatni. Þar munu yfir fimm þúsund skátar koma saman og hafa virkilega gaman af.

Við bjóðum allar stelpur á aldrinum 10-12 ára hjartanlega velkomnar í Fálkaskátasveitina Forynjur. Við fundum alla þriðjudaga kl. 16.30 – 18.30.

Alexandra Ýr van Erven
Gréta Björg Unnarsdóttir

EKKI GISKA!

- nákvæmar lengdir með laser sjónauka

Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 510 5100
www.ismar.is

ÍSMAR
Við mælum með því besta

Aftur
Mundi
Erna Einarsdóttir
Hrafnhildur Arnardóttir a.k.a. shoplifter
Bergþóra Guðnadóttir
Volki

FINGRAMÁL



Sjálfsgöðir
hlutir

(10.2. – 20.5. 2012)



HÖNNUNARSAFNI
ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Opð þriðjudaga til sunnudaga, kl. 12-17. ♦ Gardatorg 1 ♦ 210 Gardabær ♦ sími 512 1525 ♦ www.honnunarsafn.is

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2012

Fermingar í Garðasókn vorið 2012

Prestar í öllum athöfnunum eru sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og sr. Friðrik J. Hjartar.

Vidalínskirkja 24. mars kl. 10.30

Akayo Sigurður Alleyne	Löngulínu 34
Andri Páll Halldórsson	Dungal Blikanesi 28
Aron Elí Österby Ævarsson	Holtsbúð 26
Aþena Ýr Káradóttir	Strandvegi 10
Brynjar Úlfur Á Morthens	Hraunsholtsvegi 5
Daníel Már Kristinsson	Dalsbyggð 23
Eyjólfur Júlíus Kristjánsson	Stórakri 6
Gerald Brimir Einarsson	Sjávargrund 9b
Guðmundur Jóhannsson	Bæjargili 91
Gunnar Þ. Sigvaldason	Hraunhólum 13a
Hlynur Jökulsson	Furulundi 5
Hlöðver Jóhannsson	Markarflöt 35
Huldar Hlynsson	Ásbúð 67
Ingi Þór Magnússon	Hörpulundi 4
Irma Gunnarsdóttir	Bæjargili 11
Ísabella María Óskarsdóttir	Hæðarbyggð 3
Ísarr Edwinsson	Njarðargrund 2
Lára Mist Baldursdóttir	Bæjargili 45
Logey Rós Waagfjörð	Holtsbúð 16
Magnús Anton Magnússon	Hörpulundi 4
Oddur Friðriksson	Súlunesi 8
Ólafur Hákon Sigurðarson	Kjarrási 2
Ragnar Björgvin Tómasson	Hlíðarbyggð 40
Vala Kolbrún Ö Sverrisdóttir	Hörgslundi 3
Valgerður Lára Ingadóttir	Birkihæð 18

Vidalínskirkja 25. mars kl. 13.00

Arnar Breki Eyjólfsson	Faxatúni 25
Axel Ólafsson	Urðarhæð 13
Ágúst Logi Kristinsson	Marargrund 17
Ásdís Eva Diðriksdóttir	Blikanesi 11
Ástrós Erla Guðlaugsdóttir	Nónhæð 1
Daniel Ólafur Jamchi	Ásbúð 49
Eldey Ósk Mánadóttir	Skógarhæð 4
Elísabet Ágústsdóttir	Bæjargili 84
Grétar Logi Mánason	Skógarhæð 4
Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir	Reynilundi 6
Hekla Ósk Helgadóttir	Fífumýri 15
Hlynur Bergsson	Óttuhæð 3
Ísak Örn Ingason	Hraunbrún 11
Ísak Örn Valdimarsson	Móaflöt 49
María Björk Steingrimsdóttir	Engjavöllum 3
María Júlía Ólafsd. Foelsche	Borgarási 4
Pétrína Guðmundsdóttir	Draumahæð 5
Rúnar Vilberg Hjaltason	Hrísmóum 2a
Salóme Sól Norðkvist	Lindarflöt 3
Þorsteinn Ingi Júlíusson	Markarflöt 8
Þórunn Snjólaug Gunnarsdóttir	Kjarmóum 42

Vidalínskirkja 31. mars kl. 10.30

Agnes Ómarsdóttir	Birkiási 26
Alexander Joseph Emilsson	Aratúni 4
Árni Tómas Sveinbjörnsson	Strandvegi 15

Bárður Andri Grétarsson	Krókamýri 58
Diljá Eir Ólafsdóttir	Breiðási 3
Gabríela Hauksdóttir	Löngumýri 1
Garibaldi Ívarsson	Holtsbúð 65
Guðmundur J. Ármannsson	Bæjargili 107
Gunnhildur K. Erlendsdóttir	Bæjargili 43
Ingimar Jónsson	Löngumýri 24
Kristín Valdís Örnólfsdóttir	Hörgslundi 4
Natalía Ýr Hjaltadóttir	Krókamýri 2
Perla Sara Doukkali	Austurfold 4
Rannveig E. Snorradóttir	Brekkubyggð 54
Ratan Petur Friðr. Hallgrímss	Majgatan 28
Thelma Rut Guðbrandsdóttir	Breiðási 1

Garðakirkja 24. mars kl. 13.00

Arna Sif Eypórsdóttir	Markarflöt 39
Aron Fannar Sigurgeirsson	Ögurási 10
Dagur Guðmundsson	Stekkjarföt 6
Dagur Óttarsson	Brúnási 11
Davíð Bjarni Björnsson	Lynghæð 2
Freyrmar Örn Ómarsson	Sjávargrund 10b
Gyða Sif Siggeirsdóttir	Krókamýri 62
Hulda Þórunn Ö Þóroddsdóttir	Birkiási 2
Matthías Músson	Njarðargrund 4
Mónika H. Sigurhjärtadóttir	Ásbúð 10
Pétur Fannar Gunnarsson	Gullakri 4
Sigurður Friðrik Bjarnason	Lynghólum 20a
Tara Dís Tamone	Lynghólum 20a
Vésteinn Örn Pétursson	Heiðarlundi 11
Örn Sólon Ingólfsson	Blómahæð 3

Garðakirkja 24. mars kl. 15.00

Andri Pétur Hafþórsson	Skrúðási 9
Arnar Brynjarsson	Mosprýði 4
Árni Sæberg	Urðarási 2
Benedikt Bjarnason	Bakkaföt 2
Davíð Bjarni Chiarolanzio	Asparlundi 10
Elfar Davíðsson	Hraunási 3
Ellert Kárason	Goðatúni 26
Gunnþór Harðarson	Kornakri 8
Haraldur Holgersson	Einilundi 7
Hákon Hákonarson	Vattarási 4
Kristinn Ingi Gunnarsson	Grjótási 12
Natan Þór Elvarsson	Markarflöt 20
Ólöf Harpa Hólm	Holtsbúð 19
Stefanía Gunnarsdóttir	Fjóluási 18

Garðakirkja 25. mars kl. 10.30:

Alexander E. Alexandersson	Lindarflöt 9
Borg Dóra Benediksdóttir	Sunnuföt 17
Daníela Rán Pálsdóttir	Löngumýri 18
Elín Ævarsdóttir Olsen	Strandvegi 18
Emil Snær Eypórsson	Hraunbrún
Hildur Lára Sveinsdóttir	Skógarlundi 11
Jóhanna Ósk Jónsdóttir	Lerkiási 6
Jón Hallmar Stefánsson	Ásbúð 21

Jóna Katrín Ingvadóttir	Tjarnarflöt 11
Jóna Rut Vignir	Bæjargili 42
Sigrún Júlía Finnsdóttir	Holtsbúð 48
Sigrún Margrét Hauksdóttir	Arnarási 14

Garðakirkja 31. mars kl. 13.00

Aron Jóhannsson	Bæjargili 104
Bjarki Steinn Þórisson	Furuási 4
Dagur A. Hilmarsson	Móaflöt 31
Elva Björk Pálsdóttir	Faxatúni 15
Guðríður Lárusdóttir	Aratúni 14
Haukur Breki Hilmarsson	Fífumýri 10
Heiða María Ásgeirsdóttir	Lindarflöt 37
Jóel Ísak Jóelsson	Holtsbúð 20
Jóhann Örn Magnússon	Lyngmóum 7
Júlía Kristine Jónasdóttir	Asparási 12
Karen Rós Bjarnadóttir	Birkiási 31
Laufey Sverrisdóttir	Hrísmóum 13
Máni Austmann Hilmarsson	Móaflöt 31
Ragnar Áki Ragnarsson	Lindarflöt 47
Valgerður Lárusdóttir	Aratúni 14

Garðakirkja 1. apríl kl. 13.00:

Anna L. Christophersdóttir	Ásbúð 30
Arey Þórisdóttir	Löngumýri 19
Árný Björk Árnadóttir	Holtsbúð 67
Bára Dís Böðvarsdóttir	Sautjándajúnitorgi 7
Birta Líf Baldursdóttir	Hjálmakri 5
Bjargar Sæby Haraldsson	Mosprýði 2
Freydís Eiríksdóttir	Löngumýri 25
Guðrún Mist Hafsteinsdóttir	Keldugötu 7
Íris Arna Tómasdóttir	Móaflöt 10
Ísak Styr Stefánsson	Melási 8
Kolbeinn Þórisson	Smáraflöt 14
Kristófer Konráðsson	Smáraflöt 43
María Lía Thomasdóttir	Hörgslundi 8
Marteinn Guðmundsson	Arnarási 6
Ragnheiður Tryggvadóttir	Asparlundi 13
Silja Rún Bárðardóttir	Blikanesi 9

ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum
há Vífli.

Panta skal í síma 1446
eða á www.postur.is



Manstu skeytnin?

Skeyti eru fermingarkveðjur sem endast áratugum saman og vekja ljúfar minningar. Varðveitum þessa fallegu hefð og sendum fermingarbörnum 2012 skeyti.

SKEYTI
FRÁ *Skagastönd* NR. *102* 7 ORD *18/5 1958* KL. *12*

*Bestu hamingjuþökkis með
fermingardaginn.*

Jóhann og Fjölskylda.


PÓSTURINN

www.postur.is | Sími 1446



Vífill á Alheimsmóti

Við vorum nokkur úr skátafélaginu Vífli sem lögðum af stað 27. júlí frá Keflavík til Kaupmannahafnar. Ferðinni var heitið á tuttugasta og annað Alheimsmót skáta sem haldið var í Svíþjóð. Mótið er ætlað skátum á aldrinum 14-17 ára og búist var við 38 þúsund skátum víðsvegar úr heiminum.

Ferðalagið

Við flugum til Danmerkur og fórum með rútu yfir til Svíþjóðar. Við vorum tæplega 300 frá Íslandi og komum í þremur flugvélum. Tilhlökkunin var mikil og góð stemming í hópnum. Okkur var skipað í sveitir og lentum við Víflarnir úr Garðabæ með frábæru fólki úr Hraunbúum í sveit. Okkur samdi mjög vel og stefndi þetta allt í frábæra ferð. Við vorum mætt á mótsvæðið um kvöldið og allt var dimmt. Við gengum mótsvæðið endilangt þar sem búíð var að úthluta okkur svæði til að tjalda á.

Tjaldbúðavinna

Tjaldbúðinni var skipt í þemu sem drógu nafn sitt af árstíðunum og voru sumar, vetur, vor og haust. Við vorum á vetri og fannst okkur það viðeigandi þar sem erum frá Íslandi. Erfiðlega gekk í fyrstu að koma tjöldunum upp í svona miklu myrkri en það gekk fyrir rest. Næsti dagur fór svo í að skoða sig um, kynnst fólki og skemmta sér. Við settum upp hlið fyrir okkar

tjaldsvæði sem leit út eins og stafn á skipi og við það reistum við fánastöng með íslenska fánanum, og var hún sú hæsta á svæðinu. Um kvöldið var svo haldin glæsileg opunarhátíð.

Gleði og hamingja

Á svæðinu var gríðalegur fjöldi fólks og allir syngjandi hressir og glaðir. Maður rakst ekki á eina manneskju sem ekki var brosandí út að eyrum af hamingju. Næstu dagar fóru í að efla hópinn í samvinnu því við þurftum að elda allan mat sem við ætluðum að borða sjálf. Þarna var verið að prófa nýtt. Undanfarin Alheimsmót hefur hópunum verið útvegaður ákveðinn matur og áttu sveitirnar að vinna úr honum. Þarna vorum við látin fá kort með eins konar punktum. Við máttum nota ákveðið magn af punktum á dag svo maturinn dygði út mótið. Punktarnir virkuðu eins og peningar og voru nokkrar stórar búðir á svæðinu. Við skiptumst á að fara í búðina tvisvar á dag og sjá um matinn, morgunmat, hádegismat, kaffi og kvöldmat. Til að kynnst skátum betur þá buðum við öðrum skátasveitum í mat til okkar og þáðum einnig heimboð til annarra sveita.

Dagskrá

Dagskráin var skemmtileg og skiptist í flokka sem hétu *Jörð*, *Draumur*, *Hnatræn*

þróun og *Leit*. Þar var mikið um fróðleik sem við meðtókum með mjög skemmtilegum hætti. Á svæðinu voru ógrynnin öll af afþreyingu og ekki möguleiki að komast yfir allt. Þarna voru ótal veitingastaðir í umsjá ýmissa landa, tívolí úr trönnum, skautasvell, netaðstaða, kaffihús og margt fleira. Einnig var á dagskrá svokallað *Camp in camp* þar sem við fórum út af mótsvæðinu í tvo daga og vorum í dag-skrá annars staðar.

Fjölbreytt menningarmiðlun

Við kynntumst mörgum annars staðar að úr heiminum. Þó þau væru öðruvísi en við, töluðu annað tungumál, kæmu úr allt annarri menningu, þá áttum við það sameiginlegt að við vorum þarna af sömu ástæðu. Við erum skátar, opin fyrir því að kynnst hvort öðru, hugmyndum hvors annars og skoðunum. Þegar þessu stórkostlega ævintýri var að ljúka var erfitt að kveðja. En með bros á vör og með miklu þakklæti í hjarta vorum við samt sem áður mjög ánægð með vel heppnaða ferð. Mótsslitin voru ekki af verri endanum en lauk mótinu með risatónleikum þar sem m.a. kom fram hljómsveitin *Europe* og tók sitt frægasta lag, *The Final Countdown*.

Heimaging að loknu móti

En ævintýrið var ekki alveg á enda. Við kórónuðum ferðina með því að fara í þriggja daga heimagingingu hjá gestrisnum Svíum. Við úr Vífli vorum send í mjög svo krúttlegan lítinn bæ sem heitir *Katrineholm*. Við fórum tvö og tvö inná hvert heimili og var vel tekið á móti okkur. Við kynntumst fjölskyldulífi í Svíþjóð og sýndu þau okkur helstu staðina í nágrenninu og að sjálfsögðu fengum við að versla örlítið. Eftir yndislega tveggja vikna ferð í Svíþjóð var tími til komin að halda heim á leið. Allir voru þreyttir en mjög sáttir. Þessi ferð verður seint gleymd og einstök lífsreynsla sem aldrei verður af okkur tekin.

Við þökkum skátafélaginu Vífli fyrir frábæran stuðning í kringum Alheimsmótið, og einnig ógleymanlegar stundir með sveitinni sem við tilheyrðum.

f.h. Jamboreefara
Eyrún Ósk Stefánsdóttir

Skátafélagið Vífill var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1967 í hinu ört vaxandi bæjarfélagi Garðahreppi, eins og bærinn hét þá. Skátasveitir úr Garðahreppi höfðu starfað innan Skátafélagsins Hraunbúa í Hafnarfirði.

Félagið hafði fyrst aðsetur í Flataskóla og því næst í Goðatúni 3. Tímamót urðu árið 1969 þegar félagið festi kaup á húsi við Hraunhóla 12. Viðbygging var reist árið 1991 og reyndist húsið í alla staði frábært og hýsti alla félagsstarfsemi Vífils fram til ársins 2003. Þá hófst samstarf við Hjálparveit skáta og með stuðningi bæjaryfirvalda í Garðabæ var reist ný skátamiðstöð árið 2006 í hjarta bæjarins við Bæjarbraut 7. Húsið Jötunheimar hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfið og samstarf Vífils og HSG verið gott og fjölbreytt.

Ekki er víst að allir Garðbæingar þekki vel til skátstarfs almennt, eða starfsins í Vífli. Ýmsir halda að aðalverkefni skátanna sé að ganga teinréttir og hátíðlegir í fasi með fána í skrudgöngum á sumardaginn fyrsta eða á 17. júní og binda svo endalusa skátahnúta þess á milli. Því fer hins vegar fjarri að það lýsi starfinu í Vífli!

Skátafundur, varðeldar, skátamót, útilegur og dagsferðir eru dæmigerð viðfangsefni skátanna. Á skátafundum fer fram undirbúningur fyrir ýmis stærri verkefni. Í ferðum og á skátamótum gefst skátunum svo tækifæri til að reyna á þá þekkingu sem þeir hafa öðlast á skátafundunum.

Útilíf er einn mikilvægasti þáttur skátastarfsins og í krefjandi fjallaferðum sem stundum hafa verið farnar með aðstoð Hjálparveitarinnar hefur margur



athafnasamur unglíngurinn náð merkilegum áfanga í lífi sínu og sigrað sjálfan sig. Auk skátafunda, útilífs og skátamóta eru ýmsir aðrir fastir liðir á dagskrá Skátafélagsins á hverju ári eins og hin sívinsælu Útilífs- og ævintýranámskeiða og smíðavalla sem Vífill hefur boðið upp á í mörg ár.

Við skátar í Garðabæ erum stoltir af því að vera hlekkur í keðju öflugræskulýðsstarfs sem byggir hugmyndir sínar á hugmyndinni um virka þátttöku, því í skátaflokknum er hver einasti skáti mikilvægur hlekkur í starfi flokksins og félagsins. Skátafélagið Vífill er metnaðarfullt félag og til fyrirmyndar innan skátahreyfingarinnar og litið til þess úr ýmsum áttum.

Í dag eru starfandi í Vífli um 150 skátar á

öllum aldri og stór hópur foreldra og eldri skáta hefur gengið til liðs við félagið og sinnir mismunandi verkefnum. Alltaf er rúm fyrir fleiri. Hafir þú áhuga, lesandi góður á að vera með okkur og taka þátt í starfinu þá hvetjum við þig til þess að hafa samband við skrifstofuna eða senda okkur línu á vifill@vifill.is og við munum hafa samband til baka, bæta þér inn á póstlistann okkar og taka vel á móti þér. Við bjóðum einnig velkomin börn og ungmenni á skátaaldrinum 7 – 22 ára til okkar. Upplýsingar um foringja og fundartíma er að finna á: www.vifill.is.

Með skátakveðju
Hafðís Bára Kristmundsdóttir

Skátafélag á réttri leið

Þann 15. júní 2011 afhenti Bragi Björnsson skátahöfðingi skátafélaginu Vífli gæðaviðurkenninguna „Á réttri leið“ í annað sinn. Vífill fékk fyrst allra skátafélaga gæðaviðurkenninguna frá Bandalag íslenskra skáta í nóvember 2006.

Viðurkenningin er veitt þeim félögum sem uppfylla ákveðnar kröfur um skátastarf og starfshætti. Kröfur sem ná m.a. til skipulags og innra starfs félagsins, fjármála, fræðslumála og fleiri þátta sem birtast í Gæðahandbók Vífils. Þegar félag hefur hlotið gæðaviðurkenninguna getur það á áþreifanlegan hátt sýnt fram á að á vegum þess fari fram gæðastarf.



Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglunga á aldrinum 6-14 ára. Einnig eru í boði Grallaranámskeið fyrir yngri börn. Skátafélagið Vífill var eitt af fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 23 árum. Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi. Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaulkunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og skyndihjálparnámskeið.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum og koma til móts við áhuga barnanna. Víðtæk reynsla undanfarinna ára nýtist vel við skipulag. Dagskrá námskeiðanna byggist upp á tveggja vikna tímabili og endar önnur hver vika á útilegu. Hægt er að velja að vera eina viku í senn. Þátttakendum er skipt upp í 5 – 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Grallaranámskeið Vífils

Grallaranámskeið eru fyrir börn á aldrinum 5-6 ára. Á námskeiðinu eru börnin við leik og störf í nágrenni skátaheimilisins. Námskeiðinu lýkur með dagsferð. Á námskeiðinu kynnst börnin náttúrunni og læra að vera viðbúin ýmsum áhættuþáttum sem er að finna í



nútímapjóðfélagi. Proskandi og uppbyggilegir leikir eru einnig ríkur þáttur í dagskránni.

Námskeiðið er byggt á dagskránni "Vertu viðbúinn" sem Bandalag íslenskra skáta gaf út fyrir þennan aldurshóp.

Útilífsnámskeið Vífils

Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 7-10 ára. Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í sameiginlega tjaldútilegu með öðrum útilífskólum á höfuðborgarsvæðinu. Í útilegunum er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð og fleira.

Í stuttu máli er flest allt gert sem tengist alvöru skátaútilegum, enda eru útilegur og útilíf sérgrein okkar skátanna.

Ævintýranámskeið Vífils

Er ætlað börnum og unglungum á aldursbilinu 11-14 ára. Um er að ræða tveggja vikna námskeið sem reynir á krakkana með spennandi dagskrá og alvöru skátalífi. Námskeiðið endar á stórrí sameiginlegri útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og skátaíþróttum t.d. kassaklifri o.fl.

Smíðanámskeið Vífils

Smíðavöllurinn hefur verið mjög vinsæll undanfarin ár og jafnan mikið fjör þar. Auk þess að byggja kofa er dagskráin brotin upp með ýmsu t.d. sundferðum og leikjum,

oft í samstarfi við önnur námskeið.

Stórhýsi sem rúmast á lyftarabretti er hægt taka með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima. Hvert smíðanámskeið stendur yfir í tvær vikur en hægt að vera eina viku.

Skráning á vefnum

Skráning á öllum námskeiðum verður í gegnum vefsíðu Vífils: www.vifill.is. Netfang félagsins er: vifill@vifill.is.



Dróttskátasveitin Fenris var afar fjölmenn á liðinni haustönn, í henni starfa um 30 dróttskátar í fjórum flokkum. Fundartími er á mánudögum klukkan 20.00 til 22.00. Starfið hófst með hópefli og leikjum, síðan var skátunum skipt í flokka. Flokkarnir völdu sér flokksforingja og hvernig þeir vildu setja og slíta flokksfundum. Flokkarnir völdu sér verkefni fyrir flokksfundina og farið var stuttlega í uppruna og sögu skátastarfs með nýjum sveitarmeðlimum. Í lok september var farið í dagsferð upp á Helgafell og voru þá vígðir inn nokkrir nýir sveitarmeðlimir.

Októbermánuður hófst á dróttskátamótinu *Saman* sem fór fram á Gufuskálum á Snæfellsnesi. Þangað mættu 14 dróttskátar og skemmtu sér vel yfir helgina við ýmis verkefni í tengslum við starf björgunarsveita. Á fundi voru valin verkefni fyrir sveitarfundi með lýðræðisleik þar sem flokkarnir máluðu hugmyndir sínar og þurftu síðan að selja þær á uppboði. Fyrsta flokkafjör starfsársins fór



fram 22.-23. okt. Þangað sem dróttskátar fjölmenntu svo að skortur var á dýnum. Á laugardegnum gengum við upp að Vífilsstaðavatni þar sem við fórum á kanó og vígðum inn sveitarmeðlimi sem höfðu mist af vígslu í september. Á flokksfundum

var unnið að þonsjógerð, útiöldun, hnútatöflu og vatnsheldum eldspýtum svo eitthvað sé nefnt.

Í nóvember var farið í sveitarútilegu í skálann Bæli á Hellsheiði. Þangað mættu sex dróttskátar og þrjár foringjar. Þar eyddum við heilum degi í gönguferð inn í Reykjadal þar sem við böðuðum okkur í heitum læk. Þrátt fyrir litla mætingu heppnaðist útilegan afar vel. Dróttskátar tóku einnig þátt í flokkafjöri og á flokksfundum voru þonsjóin og hnútaflan kláruð, einhverjir fóru í sund á meðan aðrir máluðu sveitarherbergi dróttskáta.

Á síðasta fundi fyrir jól fór síðan fram árleg Piparkökuhúsaskreytingakeppni Ds. Fenris. Flokkarnir fengu í hendur piparkökuhús, glassúr og fimm hundruð krónur til að kaupa annað skraut. Keppnin tókst vel og var það flokkurinn Cerberus sem fékk viðurkenningu fyrir flottasta piparkökuhúsið.

Eftir áramót var starfið endurmetið og síðan völdu skátarnir hvaða verkefni þeir vildu vinna að á vorönn. Farið var í klifurhúsið, lært á bíla, kort og útiöldun svo eitthvað sé nefnt. Í febrúar var síðan haldin ræðukeppni til að æfa framkomu og stigu þar margir efnilegir fram í ræðupóltið. Í mars var farið í útilegu í skálann Þrist við rætur Esjunnar. Þar var farið í fjallgöngur, leikið í snjónum og haldin kvöldvaka þar sem enn fleiri meðlimir voru vígðir í sveitina. Starf sveitarinnar hefur því verið mjög gott í vetur en mörg skemmtileg verkefni eru framundan.

Hjálmar Örn Hinz

Nytsamar og vandaðar fermingargjafir færðu í Fjallakofanum

Svefnpokar
Skólatöskur
Gönguskór
Tjalddýnur
Sjónaukar
Skíðahjálmar
Skíðagleraugu
o.m.fl.

við erum á
facebook
twitter

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

**FJALLA
KOFINN**



Nú þegar liðin er rúm öld frá því að skátastarf hófst í heiminum starfa tæplega 30 milljónir skáta innan vébanda skátahreyfingarinnar í meira en 200 þjóðríkjum og á sjálfstæðum landsvæðum. Árið 2012 er ein öld liðin frá því að skátastarf hófst á Íslandi. Íslenskir skátar horfa því fram á við til nýrrar aldar eftir eitthundrað ára skátastarf.

Markmið skátastarfsins

Markmið skátahreyfingarinnar er að að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

Með því að tala um að veita einstaklingum þroska, er átt við það að hver maður býr yfir fjölmörgum eiginleikum sem unnt er að rækta og þróa.

Skátahreyfingin leggur áherslu á að skátar verði sjálfstæðir einstaklingar, sem venjast á að bera ábyrgð á því sem þeim er fallið, læra að bera ábyrgð á eigin gerðum með markvissri þjálfun. Læri að meta, rökræða og taka afstöðu til mála. Venjist því að vinna með öðrum og virða skoðanir annarra. Virða jafnan rétt allra manna og skilja þjóðfélagslega samábyrgð allra þegna landsins.

Grundvöllur skátastarfsins

Markmiðum skátahreyfingarinnar hyggst Bandalag íslenskra skáta ná:

Með því að stuðla að hópvinnu, sem kennir tillitssemi samstarfshæfileika, ábyrgð og stjórnunarhæfileika. Með útilífi sem eflir líkamsþrek og vekur áhuga barna og ungs fólks á náttúrunni og eflir skilning

og áhuga á að vernda hana. Með margvíslegum viðfangsefnum, þar sem skátinn lærir ýmis nýtsöm störf, þeim sjálfum og öðrum til heilla. Með því að taka þátt í alþjóðlegu skátastarfi gefst skátum tækifæri á að kynnast ungu fólki í öðrum löndum, háttum þess og menningu.

Eftirtaldir þættir mynda ramma um skátastarfið:

Skátalögin gildi sem leggja okkur lífsreglurnar og eru settar fram á máli sem skátarnir skilja og *Skátaheitið*, valfrjálst og persónulegt loforð um að reyna að lifa samkvæmt skátalögunum.

Táknræna umgjörðin, með vísan í fyrirmyndir og ævintýrið sem felst í því að kanna ný svið og nema nýjar lendur í hópi jafningja.

Flokkakerfið, sem er burðarás skátaaðferðarinnar, skipulag óformlegrar jafningjafræðslu sem gerir flokkinn að lærdómssamfélagi.

Hjálpsemi, sem lýsir sér í góðverkum og samfélagsþátttöku hvers og eins og samanstendur af verkum og verkefnum sem tengja skátann, samfélagið og þá sem minna mega sín og gerir viljann til að *hjálpa öðrum* að lífstíl.

Útilíf og náttúran, í umhverfi þar sem árangursríkast er að framkvæma mörg verkefni flokksins og skátasveitarinnar. **Leikir**, lærdómsvettvangur sem vekur áhuga skátanna, auðveldar aðlögun þeirra að skátaflokknum, hjálpar þeim að uppgötva hæfileika sína og hvetur þá til ævintýra, könnunar og uppgötvana.

Byggt á efni frá BÍS



Sigurður
Lögg. fasteignasali
898 6106

Hafðís
Sölustjóri
895 6107

Árni
Lögg. fasteignasali
893 4416

Dórothea
Sölufulltrúi
898 3326

Berglind
Lögg. fasteignasali
694 4000

Póra
Lögg. fasteignasali
822 2225

Þorsteinn
Sölufulltrúi
694 4700

Pórey
Sölufulltrúi
663 2300



Halla
Lögg. fasteignasali
659 4044



Jóhanna
Lögg. fasteignasali
698 7695



Óskar
Sölufulltrúi
893 2499



Sigríður
Sölufulltrúi
699 4610



Sigurbjörn
Sölufulltrúi
867 3707



Bjarni Tómas
Sölufulltrúi
895 9120



Edda
Sölufulltrúi
660 0700



KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Fasteignasala TORG • Garðatorgi 5 • 210 Garðabær • Sími 520 9595 • www.fasttorg.is

Skátastarf í 100 ár



œvintýrið
heldur áfram

Í tilefni af hundrað ára afmæli skátahreyfingarinnar á Íslandi árið 2012 munu skátar koma að ýmsum viðburðum.

Þeir eru dreifðir yfir afmælisárið sem hefst formlega 22. febrúar og endar svo formlega 2. nóvember á eiginlegum afmælisdegi íslenskra skáta.



22.
febrúar

Fæðingardagur Baden Powell.

Formlegt upphaf afmælisársins. Minningarskjöldur settur upp við skátamiðstöðina í Hraunbæ 123.



17.
júní

Skátar fagna **þjóðhátíðardegi** og taka þátt í hátíðarhöldum víða um land.



16.-17.
mars

Skátaping.



skátaping

Mars 2012
- œvintýrið heldur áfram



20.-29.
júlí

Landsmót skáta Úlfliótsvatni.



landsmót skáta
Úlfliótsvatni 20-29. júlí 2012
- œvintýrið heldur áfram



Apríl

Útgáfa á sögu íslensku skátahreyfingarinnar síðastliðin 100 ár.

Yfirlit yfir það markverðasta í íslenskrí skátasögu í máli og myndum.



18.
ágúst

Meningarnótt í Reykjavík.

Skátar bjóða upp á skemmtilega dagskrá í Hljóm-skálagarðinum.



menningarnótt
Hljómskálagarðurinn | 18. ágúst
- œvintýrið heldur áfram



19.
apríl

Sumardagurinn fyrsti.

Skátar fagna sumri víða um land með uppákomum. Þennan dag fá styttnar bæjarins skátaklútt!



12.-14.
október

Fríðarþing.

Íslenskir skátar standa fyrir ráðstefnu um frið í verki.



Fríðarþing
Harpa | Október 2012
- œvintýrið heldur áfram



1.
maí

Útgáfa skátafrimerkis

í tilefni af 100 ára afmælinu.



2.
nóvember

Afmælisdagur skátahreyfingarinnar, markar formleg lok afmælisársins.

Athöfn við uppsetningu minningarskjaldar við Menntaskólann í Reykjavík. **Hátíðarkvöldverður.**



Maí
- ágúst

Árbæjarsafn tekur á móti skátum.

Þar verða gömul og ný skátamerki til sýnis. Gamlir skátabúningar fá að njóta sín og útileguskálinn glæðist lífi.

 **Skátarnir**



Yfirlýst stefna Skátafélagsins Vífils er að allir sveitarforingjar ljúki sk. Gilwell þjálfun, en svo heitir síðasti liður foringjapjálfunar Skátahreyfingarinnar.

Í ár luku hvorki fleiri né færri en sex Víflar Gilwell þjálfun. Markmið hennar er að auka hæfni foringja sem leiðtoga, auk þess



er hún vettvangur skátaforingja til þess að skiptast á skoðunum og kynnst fræðilegum grundvelli skátastarfsins.

Saga Gilwell

Fyrsta Gilwell námskeiðið var haldið í Gilwell Park á Englandi árið 1919 að frumkvæði Roberts Badens-Powells, stofnanda Skátahreyfingarinnar. Námskeiðunum var um áratuga skeið stýrt af leiðbeinendum þar, sem ákváðu og gáfu út námsefni og þjálfuðu leiðbeinendur. Nú eru Gilwell námskeiðin hins vegar rekin á ábyrgð Skátahreyfingarinnar í hverju landi fyrir sig.

Uppbygging námskeiðanna

Gilwell þjálfunin hófst með fimm daga útilegu á Úlfjotsvatni í júní. Þar settu þátttakendur upp tjaldbúðir og dvöldu við tjaldbúðavinnu, útiöldun og leiki, auk þess að sækja fyrirlestra þar sem kafað var dýpra í skátafræðin og m.a. rædd skátaaðferðin, agi, foreldrasamstarf og starfsáætlanir.

Verkefni Gilwellunga

Að útilegunni lokinni tók við átta mánaða tímabil þar sem Gilwell kandidatar (sem skv. hefð eru kallaðir ungar) unnu að margvíslegum og krefjandi verkefnum, ýmist sem einstaklingar eða sem flokkar. Þurfti hver flokkur að skila af sér sólarhringsgönguferð um ókannaðar lendur og stjórna götuleik. Hver einstaklingur þurfti að stýra skátasveit og halda um það dagbók í a.m.k. fjóra mánuði, auk þess að svara skriflegum verkefnum.

Útskrift

Þjálfuninni lauk svo með skálaútilegu á Úlfjotsvatni fyrstu helgina í marz, þar sem þátttakendur sóttu m.a. fyrirlestra um alþjóðastarf, tjáningu, fararstjórn og siði og venjur í skátastarfi. Auk þess fóru fram umræður um og endurmat á verkefnum tímabilsins. Í lok námskeiðsins útskrifuðust ungarnir sem fullgildir Gilwell skátar og urðu um leið félagar í 1. Gilwell skátasveitinni (Gilwell Troop 1), en svo nefnist hin gríðarstóra alheimsfjölskylda Gilwell-skáta.

Ólafur Patrick Ólafsson



Blómabúðin Sóleyjarkot

Sími 546-1720 Garðatorgi



GH Ljós

Sími 565 6560 – gh@gh.is - www.gh.is

Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Leifsdóttir

TANNLÆKNAR

Garðatorg 7

Áslaug Óskarsdóttir - 565-9080

Guðrún Jónsdóttir - 565-9070

Úlfhildur Leifsdóttir - 565-9077



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680



Sigurður Tyrfingsson

Frámkvæmdastjóri/húsmiðameistari

Sími 545 0800 / 898 3708

sigurdur@gardatorg.is

Garðatorg 7 • 210 Garðabæ • Sími 545 0800 • Fax 545 0801
gardatorg@gardatorg.is • www.gardatorg.is



TÖLVUMIÐLUN

www.tolvumidlun.is



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra!



Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár

- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur





Við bjóðum góðar fram tíðarhorfur



Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Þú færð Framtíðarreikning í útibúi Íslandsbanka í Garðabæ.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Íslandsbanki